

Matvæli beint frá býli

Heilbrigðiskröfur heimaframleiðslu

- Matvælafyrirtæki eru starfsleyfis skyld
- Matvælafyrirtæki mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan rekstur eða einkaheimili
- Eigandi lögbýlis má slátra eigin búfé á lögbýlinu til eigin neyslu
- Sala á ógerilsneyddri mjólk (nema broddmjólk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum) er bönnuð og dreifing á matvælum sem unnin eru á heimili eða í tengslum við heimili er bönnuð
- Í nýrri matvælalöggjöf Evrópusambandsins eru auknar heimildir til matvælavinnslu heima á bæjum og til milliliðalausrar sölu til neytenda. **Þessi löggjöf hefur ekki enn verið innleidd á Íslandi.** Ef það verður gert þá þarf að setja landsreglur um smávinnslu/heimavinnslu fyrir Ísland



Framleiðsla matvæla á býlum þarf að rúmast innan þess ramma sem löggjöfin setur og eru það einkum lög um matvæli og lög um slátrun, og reglugerðir sem settar eru með stoð í þessum lögum. Samkvæmt gildandi löggjöf má eigandi lögbýlis slátra eigin búfé á lögbýlinu til eigin neyslu, sala á ógerilsneyddri mjólk (nema broddmjólk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum) er bönnuð og dreifing á matvælum sem unnin eru á heimili eða í tengslum við heimili er bönnuð.

- Afurðir úr heimavinnslu þurfa að vera öruggar til neyslu
- Kröfur fyrir vinnslu á mismunandi afurðum þarf að byggja á áhættumati
- Verkkunnátta þarf að vera fyrir hendi
- Upplýsa þarf neytandann um afurðina

Innleiðing matvælalöggjafar Evrópusambandsins

Oft er rætt um að reglur um matvælavinnslu hér á landi séu mun strangari en í nágrannalöndunum og einnig er oft vísað til landa í mið Evrópu eins og Austurríki og Sviss þar sem mikil heimavinnsla sé stundum á sveitabæjum. Ennfremur að í nýrri matvælalöggjöf Evrópusambandsins séu auknar heimildir til matvælavinnslu heima á bæjum og til milliliðalausrar sölu til neytenda.

Á næstu mánuðum og misserum mun Ísland væntanlega innleiða nýja matvælalöggjöf Evrópusambandsins um almennar hreinlætisreglur um matvæli og fóður, sértækar reglur um dýraafurðir og um opinbert eftirlit með matvælum og fóðri. Í nýju löggjöfinni er ákveðin slökun á sumum þáttum en ákvæði varðandi heimaslátrun eru óbreytt.

Ógerilsneydda mjólk og aðra frumframleiðslu má selja beint frá býli en aðildarlöndum ber þá að setja reglur um slíka dreifingu. Þrátt fyrir þetta ákvæði er aðildarlöndum heimilt að banna dreifingu á ógerilsneyddri mjólk.

Löggjöfin gildir um hollustuhætti í matvælaiðnaði frá hafi og haga til maga, en þó er heimilt að selja frumframleiðsluafurðir í litlu magni beint frá framleiðanda til neytenda og **á markaði eða veitingastaði á heimasvæði** enda er ætlast til að settar séu landsreglur í hverju ríki. Landsreglurnar skulu byggðar á áhættumati til að tryggja öryggi matvællanna.

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra- og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.

Slátrun og sláturafurðir teljast ekki til frumframleiðslu en sem dæmi um frumframleiðsluafurðir má nefna korn, ávexti, grænmeti, sveppi, egg, hrámmjólk, hunang, fiskafurðir, ber og snigla.

Ef frekari vinnsla afurða á býli verður heimiluð þá fellur hún undir almenn hreinlætisákvæði löggjafarinnar.

Dæmi um milliliðalaus sölu er sala á grænmeti, ávöxtum, eggjum, hrámmjólk, villisveppum, berjum, silungj, laxi og smærri veiðidýrum o.fl beint til neytanda.

Matvælastofnun 28.08.09